Nr. 1037 20. nóvember 2012

# STARFSREGLUR

**um breytingu á starfsreglum um val og veitingu prestsembættta, nr. 1109/2011 og starfsreglum um sóknarnefndir, nr. 1111/2011.**

1. gr.

2. mgr. 5. gr. starfsreglna um val og veitingu prestsembætta, nr. 1109/2011 orðist svo:

Óheimilt er að ráða til starfa einstakling til að sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri, sem hlotið hefur refsidóm vegna brota á eftirtöldum lagabálkum:

barnaverndarlögum, nr. 80/2002

almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, þ.e.:

kynferðisbrot skv. 22. kafla

önnur ofbeldisbrot skv. 23. kafla, þó einungis refsidóma síðustu fimm ár vegna brots skv. 217. gr. um minniháttar líkamsmeiðingar

brot gegn frjálsræði manna skv. 24. kafla

fíkniefnabrot skv. 173. gr. a.

lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, þ.e. refsidóm síðustu fimm ár.

2. gr.

2. mgr. 5. gr. starfsreglna um val og veitingu prestsembætta, nr. 1109/2011 orðist svo:

Óheimilt er að ráða til starfa einstakling til að sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri, sem hlotið hefur refsidóm vegna brota á eftirtöldum lagabálkum:

barnaverndarlögum, nr. 80/2002

almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, þ.e.:

kynferðisbrot skv. 22. kafla

önnur ofbeldisbrot skv. 23. kafla, þó einungis refsidóma síðustu fimm ár vegna brots skv. 217. gr. um minniháttar líkamsmeiðingar

brot gegn frjálsræði manna skv. 24. kafla

fíkniefnabrot skv. 173. gr. a.

lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, þ.e. refsidóm síðustu fimm ár.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, öðlast gildi þegar í stað.

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi í samræmi við 6. gr. starfsreglna um þingsköp kirkjuþings, nr. 949/2009.

*Reykjavík, 20. nóvember 2012.*

**Magnús E. Kristjánsson,**
forseti kirkjuþings.

---

B-deild – Útgáfud.: 5. desember 2012